


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011	BHR 501 Hreyflar kveikikerfi Kennsluáætlun 3. önn haust 2013	
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ		
Síða 1 af 1		

Kennari	Bragi Finnbogason	Sk.st.	BFI
----------------	-------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Farið er yfir brunaferil í hreyfli og samband kveikitíma annars vegar og álags og snúningshraða hreyfils hins vegar. Einnig spennuþörf til íkveikju. Skoðuð eru kveikikerfi, þ.e. snertistýrt háspennukefli og rafeindastýrt háspennukefli (Span-skynjarar og Hall-skynjarar). Þjálfuð er notkun mæli og prófunartækjanna sveiflusjár, afgangsgreinis og skanna. Farið er yfir samvirkni ýmissa þátta í vinnu hreyfilsins ásamt virkni og prófun skynjara. Áhersla er lögð á varúð í umgengni við kveikibúnað vegna hárrar spennu, íkveikihættu og slyshættu.

Markmið:

Nemandi þekki: Brunaferil í hreyfli og samband kveikitíma annars vegar og álags og snúningshraða hreyfils hins vegar, spennuþörf vegna íkveikju, snertustýrt háspennukefli, rafeindastýrt háspennukefli. Varúðarreglur í umgengni við háspennukefli og helstu skynjara.

Nemandi geti: Lýst gerð og virkni helstu gerða kveikikerfa, bent á helstu íhluti og lýst hlutverki þeirra, gert einfaldar prófanir og stillingar á kveikikerfi og skipt um íhluti, svo sem skynjara, háspennukefli, kveikikerfi og háspennuþræði. Geti notað mæli- og prófunartæki, m.a. sveiflusjá, afgangsgreini og skanna, lýst virkni skynjara Og lýst prófun skynjara.

Námsgögn:

Modern Automotive Technology 1. Útg. 2006.

Ritstjóri þýsku útgáfunnar er Rolf Gscheidle, Studiendirektor, Winnenden- Stuttgart.

Tækniupplýsingar fyrir þá bíla sem unnið verður við.

Reglugerð um gerð og búnað ökutækja nr. 822/2004.

Hefti kennara með tækniupplýsingum Toyota um 3ZZ og 4ZZ.

Áætlun um yfirferð:

Nemendum kynnt námsefni lotunnar sem er um brunaferil í hreyfli og samband kveikitíma annars vegar og álags og snúningshraða hreyfils hins vegar. Einnig spennuþörf til íkveikju. Skoðuð eru kveikikerfi, þ.e. snertistýrt háspennukefli og rafeindastýrt háspennukefli (Span-skynjarar og Hall-skynjarar). Þjálfuð er notkun mæli og prófunartækjanna sveiflusjár, afgangsgreinis og skanna. Farið er yfir samvirkni ýmissa þátta í vinnu hreyfilsins ásamt virkni og prófun skynjara. Áhersla er lögð á varúð í umgengni við kveikibúnað vegna hárrar spennu, íkveikihættu og slyshættu. Til að verkefni gildi til lokaeinkunnar verða nemendur að ná að lágmarki 5 á lokaprófi.

Verkefni:

Verklegt próf, verkefni og lokapróf.

Námsmat og vægi námsþátta:


Verklegt próf 20%. Bóklegt próf 20%. Verkefni 40%. Ástundun 20%.

Annað:

Einkunn fyrir liðinn ástundun byggist þannig upp hafi nemandi minni viðveru en 90% er hámarks einkunn 5 ef nemandi hefur 79% viðveru eða minna er einkunnin 0. Ef nemandi hefur 100% viðveru en sýnir lítin áhuga á þeim verkefnum sem unnið er að eða vinnur þau ekki að mati kennara lækkar þessi einkunn og getur einnig endað í 0. Sé um veikindi að ræða gilda almennar reglur skólans.

Dagsetning: 20.8.2013


Undirritun kennara



Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils